



Reykjavíkurborg  
Mannréttindaskrifstofa

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1279  
komudagur 11.2.2011

Reykjavík, 8. febrúar 2011  
R11010196  
175

Alþingi - nefndasvið  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

***Umsögn mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 334. mál***

Mannréttindaráð lýsir almennri ánægju með áætlunina í jafnréttismálum, mál 334. Áætlunin er ítarleg og vel unnin. Ráðið leggur þó til breytingar á fjórum greinum þ.e. grein 3, 7, 19 og 30 og hvetur sérstaklega til að breyting á lögum um nálgunarbann verði að veruleika sem fyrst, grein 22.

Ráðið leggur einnig til eina viðbótargrein í kafla C um kyn og völd.

**3. grein**

Lagt er til að fyrstu setningu greinarinnar verði breytt og hún verði eftirfarandi:

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna móti heildstæða áætlun, í samstarfi við Jafnréttisstofu, til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og opinberra stofnana.

Starfsfólk Jafnréttisstofu býr yfir mikilli þekkingu á samþættingu sem rétt er að nýtist í þessari vinnu ráðuneytanna.

**7. grein**

Lagt er til að fyrstu setningu greinarinnar verði breytt og hún verði eftirfarandi:

Ráðuneytin nái 40:60 markmiðinu við skipun í nefndir, ráð og stjórnir og viðhaldi því, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í 15. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem vitnað er til segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að

hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Ráðuneytin eiga að fara að lögum en ekki stefna að því að fylgja þeim eins og segir í tillögunni.

### **19. grein**

Lagt er til að eftirfarandi texti bætist við í lok 19. greinar:

Grunnurinn verði þróaður áfram í samvinnu við sveitarfélögin og nýtist til að leggja mat á stöðu jafnréttismála í sveitarfélögunum og sem hvatning til góðra verka.

### **22. grein**

Mannréttindaráð lýsir ánægju sinni með efni greinarinnar og hvetur til þess að þessari lagabreytingu verði komið á sem fyrst.

Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins fyrir árið 2009 kemur fram að 118 konur og 60 börn komu í Kvennaathvarfið. Heimili eiga að vera griðastaður og því eðlilegra að þeir sem beita ofbeldi innan veggja heimilisins yfirgefi það í stað þeirra sem verða fyrir því.

### **30. grein**

Lagt er til að fyrstu setningu greinarinnar verði breytt og hún verði eftirfarandi:

Inntak kennaramenntunar verði endurskoðað og háskólar hvattir til að innleiða skyldunámskeið í kynjafræði fyrir alla nemendur.

Mannréttindaráð telur að kynjafræði þurfi að vera skyldunámskeið í kennaramenntun og nái m.a. til fræðslu um kynbundið ofbeldi og viðbrögð við því.

Fram hefur komið í umræðum um jafnréttismál og í verkefninu Jafnrétti í skólum að kennarar telja sig ekki hafa nauðsynlega þekkingu á jafnréttismálum til að geta miðlað þekkingu um þau eða fléttað þeim inn í kennsluna. Einnig kemur fram í rannsóknum á ofbeldi, t.d. í rannsókn Guðrúnar Helgu Sederholm Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð skólastjóra 10 grunnskóla frá árinu 2009 sem unnin var fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið, að kennara vanti fræðslu um ofbeldi gegn konum til þess að vera betur í stakk búnir til að átta sig á einkennum þess að nemandi búi við ofbeldi.

### **Grein til viðbótar**


Mannréttindaráð leggur til að í kafla c. um kyn og völd verði bætt eftirfarandi grein:

Vakin verði athygli, með sérstöku átaki og ráðgjöf, á gildistöku laga nr. 13/2010 en í þeim var lögum um hlutafélag, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélag, nr. 138/1994, breytt á þann veg að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skuli hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum. Þegar stjórn er skipuð fleiri en þremur skuli tryggt að hlutfall annars kyns sé ekki lægri en 40%.

Á jafnréttisþingi dags. 4. febrúar 2011 kom fram að hlutafélag virðast ekki vera að undirbúa

sig fyrir þessar breytingar en þessi hluti laganna tekur gildi 1. september 2013.

Fyrir hönd mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Halldóra Gunnarsdóttir', written in a cursive style.

Halldóra Gunnarsdóttir,  
mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar